



KYNJABÓKHALD 2006

ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

INNGANGUR

Á ársfundi ASÍ árið 2004 var samþykkt ályktun þar sem því var beint til miðstjórnar að móta markvissa jafnréttisáætlun sem miðar að því að auka hlut kvenna í stjórnnum og áhrifastöðum innan verkalýðshreyfingarinnar. Ljóst er að hlutur kvenna í áhrifastöðum, hvort heldur sem um er að ræða samfélagið almennt eða innan verkalýðshreyfingarinnar, er ekki ásættanlegur. Fjölmennustu samtök launafólks hér á landi sýndu með ályktuninni, að þau vilja leggja sitt af mörkum og gera átak til að breyta stöðunni innan sinna raða. Jafnréttisfulltrúi var ráðinn á skrifstofu ASÍ til að vinna sérstaklega að eflingu málaflokksins.

Stefna í jafnrétti kvenna og karla var samþykkt á ársfundi ASÍ 2005. Þar er lögð áhersla á að vinna markvisst með aðildarsamtökum sambandsins að því að efla vitund og skilning á mikilvægi jafnréttis kvenna og karla. Meðal annars er lagt til að heildarsamtök og einstök stéttarfélög setji sér framsækna og markvissa stefnu í jafnrétti kvenna og karla.

Jafnréttisstefna verður að vera raunhæf, byggja á staðreyndum eins og þær eru á hverjum tíma og vera með framtíðarsýn. Í henni þurfa að vera markmið sem stefnt skal að og áætlanir um hvernig þeim verði náð. Til að jafnréttisstefna aðildarfélaga ASÍ verði annað og meira en dauður bókstafur þarf að vinna jafnréttisáætlun þar sem mælanleg og tímasett *markmið* og *aðgerðir* eru skilgreind. Því er mikilvægt að þekkja vel stöðu kynjanna áður en farið er út í gerð jafnréttisáætlunar.

Þær upplýsingar sem hér koma fram eru dæmi um slíka upplýsingasöfnun. Hér eru tölulegar upplýsingar um fjölda kvenna og karla í áhrifa- og stjórnunarstöðum í verkalýðshreyfingunni. Þetta er oft kallað „kynjabókhalð“ og með þessari útgáfu vill ASÍ sýna hver staðan er í raun innan hreyfingarinnar þannig að hægt sé að bregðast við með viðeigandi hætti.



MYND 1:

Hlutfall kvenna í miðstjórn ASÍ, í stjórnnum landsambanda, meðal ársfundarfulltrúa, í stjórnnum aðildarfélaga og deilda og af félagsmönnum ASÍ, 2006.

Nauðsynlegt er að horfa vel á bak við tölurnar, láta ekki „meðaltalið“ blekkja sig.


Kynjabókhalðið sjálft leysir hvorki vanda né eykur hlut kvenna í stjórnnum og ráðum. Það þarf að breyta viðhorfum og samþætta jafnréttissjónarmiðið í allri ákvarðanatöku.

Kynjabókhalðið skiptir máli til að upplýsa um stöðuna eins og hún er á hverjum tíma og auðveldar stefnumótunarmálinu til að koma jafnréttismálum í það horf sem ASÍ getur verið stolt af og sem þjónar öllum aðilum sambandsins.

Þetta er í fyrsta skiptið sem ASÍ birtir kynjabókhalð stjórnar og ráða innan verkalýðshreyfingarinnar og eru upplýsingarnar fengnar úr skýrslum aðildarfélaga ASÍ. Mikilvægt er að þróa kynjabókhalðið með frekari upplýsingum til að gefa sem skýrasta mynd af stöðu jafnréttismála innan sambandsins. Með því móti er hægt að vinna markvisst að þeim jafnréttismarkmiðum sem sett hafa verið. Megi þessar upplýsingar nýtast ASÍ í sínu innra starfi og efla vitund um mikilvægi jafnréttis kvenna og karla í starfi verkalýðshreyfingarinnar.




SKIPTING FÉLAGSMANNA LANDSSAMBANDA EFTIR KYNI



MYND 2:

Félagsmenn aðildarféлага og deilda ASÍ eru ríflega 99.000. Aðildarfélagin raða sér í 5 landsambönd og 6 félög með beina aðild, sem aftur mynda Alþýðusamband Íslands. Myndin sýnir fjölda félagsmanna innan landsambanda eftir kyni.


FJÖLDI STJÓRNARMANNA Í FÉLÖGUM OG DEILDUM EFTIR KYNI



MYND 3:

Fjöldi stjórnarmanna í félögum og deildum innan ASÍ eftir kyni.

FJÖLDI STJÓRNARMANNA Í LANDSSAMBÖNDUM EFTIR KYNI




MYND 4:

Fjöldi stjórnarmanna í landsamböndunum fimm.




MYND 5:

Hlutfallsleg kynjaskipting félagsmanna og stjórnarmanna innan Landssambands íslenskra verzlunarmanna.




MYND 6:

Hlutfallsleg kynjaskipting félagsmanna og stjórnarmanna innan Rafiðnaðarsambands Íslands.




MYND 7:

Hlutfallsleg kynjaskipting félagsmanna og stjórnarmanna innan Samiðnar, sambands iðnfélaga.




SGS -KYNJASKIPTING FÉLAGSMANNA OG STJÓRNARMANNA

**MYND 8:**


Hlutfallsleg kynjaskipting félagsmanna og stjórnarmanna innan Starfsgreinasambands Íslands.

SSÍ-KYNJASKIPTING FÉLAGSMANNA OG STJÓRNARMANNA

**MYND 9:**

Hlutfallsleg kynjaskipting félagsmanna og stjórnarmanna innan Sjómannasambands Íslands.

FÉLÖG MEÐ BEINA AÐILD - KYNJASKIPTING FÉLAGSMANNA OG STJÓRNARMANNA

**MYND 10:**

Hlutfallsleg kynjaskipting félagsmanna og stjórnarmanna í félögum með beina aðild að ASÍ.



TAFLA 1:

FASTANEFNDIR - MÁLEFNANEFNDIR ASÍ - 2006

	<i>Fjöldi í nefnd</i>	<i>Konur</i>	<i>Karlar</i>	<i>Hlutfall kvenna</i>	<i>Hlutfall karla</i>	<i>Kona form</i>	<i>Karl form</i>
Alþjóðanefnd	9	3	6	33%	67%	X	
Atvinnumálanefnd	9	2	7	22%	78%	X	
Jafnréttis- og fjölskyldunefnd	9	4	5	44%	56%	X	
Kjara- og skattanefnd	8	1	7	13%	88%		X
Lífeyrisnefnd	9	1	8	11%	89%		X
Mennta- og útbreiðslunefnd	9	1	8	11%	89%		X
Velferðarnefnd	9	3	6	33%	67%		X
Skipulags- og starfsháttanefnd	9	1	8	11%	89%	X	
Vinumarkaðsnefnd	9	3	6	33%	67%	X	
Samtals	80	19	61	24%	76%	5	4

Fastanefndir ASÍ eru skipaðar átta til níu fulltrúum. Hvert landssamband skipar einn fulltrúa og félög með beina aðild skipa sameiginlega einn fulltrúa í hverja fastanefnd. Miðstjórn tilnefnir einn fulltrúa í nefndina og einn starfsmann af skrifstofu ASÍ sem starfar með nefndinni.

TAFLA 2:

TILNEFNINGAR ASÍ Í NEFNDIR OG RÁÐ - 2006

	<i>ASÍ fulltrúar</i>	<i>Konur</i>	<i>Karlar</i>	<i>Hlutfall kvenna</i>	<i>Hlutfall karla</i>
Alþjóðamál	6	0	6	0%	100%
Vinumarkaðsmál	89	28	61	31%	69%
Velferðarmál	11	4	7	36%	64%
Kjara- og skattamál	21	1	20	5%	95%
Jafnréttismál	4	1	3	25%	75%
Mennta- og menningarmál	69	24	45	35%	65%
Annað	16	1	15	6%	94%
Samtals	216	59	157	27%	73%
Kynjaskipting aðalfulltrúa	127	32	95	25%	75%
Kynjaskipting varafulltrúa	89	27	63	30%	70%

ASÍ tilnefnir fulltrúa í fjölmargar nefndir og ráð á vegum opinberra aðila, með fulltrúum atvinnulífsins sem og á vettvangi ASÍ. Nefndarseta er mislönng allt eftir verksviði nefndarinnar/ráðsins. Nefndir og ráð eru hér flokkuð samkvæmt málefnaþingunum fastanefnda ASÍ.



TAFLA 3:

KYNJASKIPTING Í STJÓRNUM AÐILDARFÉLAGA OG DEILDA ASÍ - 2006

	Formaður		Varaform		Gjaldkeri		Ritari		Meðstjórn		Samtals	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur
Bein aðild	4	2	4	1	3	1	4	2	12	6	27	12
LÍV	5	10	3	9	1	5	2	11	13	25	24	60
RSÍ	7	2	6	1	7	1	6	2	14	1	40	7
Samiðn	17	1	13	2	11	1	16	1	39	2	96	7
SGS	17	7	13	11	10	9	7	17	61	55	108	99
SSÍ	13	2	10	0	7	0	11	0	25	0	66	2
Samtals	63	24	49	24	39	17	46	33	164	89	361	187

TAFLA 4:

KYNJASKIPTING Í STJÓRNUM LANDSSAMBANDA ASÍ - 2006

	Formaður		Varaform		Gjaldkeri		Ritari		Meðstjórn		Samtals	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur
LÍV	0	1	1	0	0	1	0	1	3	4	4	7
RSÍ	1	0	1	0	1	0	1	0	11	3	14	3
Samiðn	1	0	1	0	1	0	1	0	5	1	9	1
SGS	1	0	1	0	0	0	0	0	7	4	9	4
SSÍ	1	0	1	0	1	0	1	0	12	1	16	1
Samtals	4	1	5	0	3	1	3	1	38	13	52	16

Uppbygging Alþýðusambands Íslands

Alþýðusamband Íslands er stærstu heildarsamtök launafólks á Íslandi. Innan sambandsins eru fimm landssambönd og sex félag með beina aðild.

Starfsgreinasamband Íslands (SGS) - 26 félag
 Landssamband íslenskra verzlunarmanna (LÍV) - 10 félag og 9 deildir
 Samiðn - Samband iðnfélaga - 12 félag og 7 deildir
 Sjómannasamband Íslands (SSÍ) - 7 félag og 18 deildir
 Rafiðnaðarsamband Íslands (RSÍ) – 10 félag

Landssambönd

Félag bókgæðarmanna
 Félag íslenskra hljómlistarmanna
 Félag leiðsögumanna
 Flugfreyjufélag Íslands
 Matvís - Matvæla- og veitingafélag Íslands
 Mjólkurfræðingafélag Íslands

Félag með beina aðild

ASÍ

Útgefandi: Alþýðusamband Íslands
 Sætúni 1, 105 Reykjavík
 Ábyrgðarmaður: Grétar Þorsteinsson

